

ýmissa galla á málsmeðferðinni og þar að auki var hjeradsdómaranum boðið að útvega skýrslu um stöðu Margrjetar á heimili Páls. En Margrjet hefur alls ekki verið yfirheyrð um nýnefnd atriði, og hennar er ekki einu sinni getið í hinum nú áfrýjaða dómi. Þetta er mjög svo vítavert, þótt ekki álíti yfirdómurinn fullnæga ástæðu til í þessu máli að láta hjeradsdómarann sæta ábyrgð fyrir.

Sókn og vörn málsins fyrir yfirdómi hefur verið lögmet.

Því dæmist rjett að vera:

Hinum áfrýjaða dómi skal óraskað. Hin ákærðu Páll Stefánsson og Guðrún Þorsteinsdóttir greiði allan af áfrýjun málsins löglega leiðandi kostnað, þar með talin málfutningslaun til sóknara og svara­manns fyrir yfirdómi, málaflutningsmannanna Guð­laugs Guðmundssonar og Páls Briem, 10 kr. til hvors þeirra.

Ídæmd iðgjöld lúkist innan 8 vikna frá lög­birt­ing dóms þessa og honum að fullnægja undir að­för að lögum.

Nr. 6/1889

Rjettvísín
gegn
Jóni Ólafssyni.

D ó m u r :

Mál þetta er í hjeraði höfðað eptir fyrirskipun amtmannsins yfir Suduramtinu gegn hinum ákærða, alþingismanni og bæjarfulltrúa Jóni Ólafssyni, fyrir þá

sök, að hann hafi hinn 22. nóv. f. á. í bæjarþingsrjetti Reykjavíkur kaupstaðar, þar er hann var mættur sem varnaradili í einkamáli, vaðið upp á dómarrann, bæjarfógeta Halldór Daníelsson, með meidyrðum og sakargiptum, og þannig orðið brotlegur gegn almennum hegningarlögum 25. júní 1869, 102. gr. Var sökin dæmd í aukarjetti Reykjavíkur hinn 10. janúarmán. þ. á. á þá leið, að hinn ákærði skyldi greiða 150 kr. sekt til landssjóðs, eða sæta 40 daga einföldu fangelsi, ef sektin eigi yrði greidd í ákveðinn tíma, og auk þess lúka öllum sakarkostnaði. Dómi þessum hefur verið skotið til landsyfirdómsins eptir ósk hins ákærða.

Það er með játningu hins ákærða og öðrum skýrslum í málinu löglega sannað, að hann hafi í bæjarþingsrjettinum hinn 22. nóvemberm. f. á. beðið dómarrann, bæjarfógeta Halldór Daníelsson, að bóka svohljóðandi grein, er ákærði samstundis las upp: «Eptir að dómarrinn í þessu máli hefur á bæjarstjórnarfundi mánudaginn síðastliðinn upp úr þurru og án nokkurs tilefnis frá minni hálfu þar á fundinum yfirfallið mig með óvirðingarorðum og ósönnum áburði, og þannig freklega misbeitt embættisstöðu sinni til að svala heiptarhug sínum á mjer í áheyrn allmargra manna, verð jeg að krefjast, að hann, sem þannig hefur sýnt, hvern hug hann ber til mín, og að hann ekki kann að halda þessum huga aðgreindum frá embættisstörfum sínum, víki sæti sitt sem dómari í máli þessu sem inhabil». Orð þessi, sem hinn ákærði er saksóttur fyrir, sýna það sjálf, að þau hljóða um dómarrann og eru beinlínis stíluð til hans, þar sem hinn sat í rjettinum (sbr. «verð jeg að krefjast, að hann . . . víki sæti sitt sem dómari»), og með því að þau eru meidandi fyrir dómarrann, sjer-

staklega sú sakargipt, að hann hafi yfirfallið ákærða með ósönnum áburði, freklega misbeitt embættisstöðu sinni til að svala heiptarhug sínum á ákærða, og að hann kunni ekki að halda þessum huga (o: óvildarhug til ákærða) aðgreindum frá embættisstörfum sínum, þá er það rjett, að telja þessa árás hins ákærða á dómaraun saknæma eptir 102. gr. hegningarlaganna. Þó að hinum ákærða væri heimilt að koma fram fyrir rjettinn með mótmæli gegn því, að dómarrinn færi með og dæmdi mál það, er þá var fyrir rjettinum, þá var honum þó eigi heimilt að rökstyðja mótmæli þessi með ástæðulausum sakargiptum, en í málinu eru engin gögn fram komin er rjettlæti þær. Sjerstaklega er það alls ósannað, að Halldór Daníelsson hafi sem bæjarfógeti á bæjarstjórnarfundum hinn 19. nóv. f. á. farið þeim orðum um ákærða, er gæfu honum ástæðu til að viðhafa nefnd ummæli fyrir rjettinum 22. s. m. Það verður því að dæma hinn ákærða til refsingar eptir áður nefndri grein hegningarlaganna, og þykir refsingin hæfilega ákveðin 100 kr. sekt til landssjóðs, og komi í hennar stað 30 daga einfalt fangelsi, ef sektin öll eigi greiðist innan ákveðins tíma; ákvæði aukarjettardómsins um málskostnað samþykkjast, og verður því að staðfesta tjeðan dóm með tilgreindri breytingu á refsingarákveðinu. Allan áfrýjunarkostnað sakarinnar verður hinn ákærði að greiða, þar með talin málflutningslaun til sækjanda fyrir yfirdómi, er ákveðast 10 kr. Hinn skipaði verjandi hefur lýst því yfir, að hann gjöri eigi kröfu til varnarlauna að svo vöxnu máli. Rekstur málsins í hjerði og málsfærslan við yfirdóminn hefur verið lögmæt.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjaði aukarjettardómur á að vera óraskaður, þó þannig, að refsing ákærða sje 100 kr. sekt, er afplánist með 30 daga einföldu fangelsi. Hinn ákærði greiði og áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun til hins skipaða sækjanda fyrir yfirdómi, málflutningsmanns Páls Briem, 10 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans undir aðför að lögum.

Mánudaginn 1. aprílmán.

Nr. 18/1889

Rjettvísing

gegn

Jóni Jóhannessyni.

D ó m u r :

Með dómi aukarjettar Ísafjarðarsýslu uppkveðnum 13. októbermán. f. á. var hinn ákærði Jón Jóhannesson dæmdur eptir almennum hegningarlögum 25. júní 1869 232. grein til að sæta 8 mánaða betrunarhússvinnu fyrir einfaldan þjófnað framinn í 2. sinn, svo og til að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun í hjeradi, 6 krónur. Dómi þessum hefur verið skotið til yfirdómsins eptir ósk hins ákærða.

Það er sannað með játningu hins ákærða sjálfs og öðrum skýrslum í málinu, að hann hafi á árinu sem leið stolið 2 silfurmatскеiðum, sinni í hvort skiptið, á þann hátt og með þeim atvikum, er nú skal greina. Á útmánudunum í fyrra vetur kom hann einhverju